

Ályktun meirihluta utanríkismálanefndar. Að henni stóðu fulltrúar VG, Samfylkingar, Hreyfingarinnar og Framsóknarflokks.

Meiri hluti utanríkismálanefndar fordæmir harðlega árás ísraelska hersins á tyrkneskt skip í skipalest á alþjóðlegri siglingaleið með hjálpargögn til Gazasvæðisins. Árásin er brot á alþjóðalögum. Það stríðir gegn réttlætiskennd manna, að hindra með ofbeldi að hjálpargögn berist fólki í neyð. Meiri hlutinn leggur áherslu á að mannréttindasáttmálar, samþykktir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalög verði virt í hvívetna í hertekinni Palestínu, á Gaza og Vesturbakkanum, að meðtalinni Austur-Jerúsalem.

Meiri hlutinn ályktar að fela utanríkisráðherra, í samráði við utanríkismálanefnd, að skipuleggja ferð til Gaza svæðisins og að Ísland standi að því að senda hjálpargögn til að aðstoða heimamenn og sýna þannig andstöðu við herkvína sem Ísraelsmenn hafa sett á Gaza í trássi við alþjóðalög. Það er ólíðandi að í meira en hálfa öld hafi ályktanir Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og sjálfsvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar verið virtar að vettugi. Slit á stjórnmalasambandi við Ísrael kemur alvarlega til álita og er utanríkisráðherra falið að meta, í samvinnu við aðrar þjóðir, hvaða úrræðum verði beitt sem talin eru áhrifaríkust til að knýja á um breytingar í samræmi við alþjóðalög, svo sem alþjóðlegri samstöðu um viðskiptaþvinganir eða slitum á stjórnmalasambandi við Ísrael, beri önnur úrræði ekki ávöxt.